



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um staðsetningu og nýtingu eftirlitsmyndavéla

Á fundi borgarráðs 16. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands:

Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er fjallað um eftirlitsmyndavélar og rafvæna vöktun. Slík vöktun fer m.a. fram á almannafæri. Fulltrúi sósíalista spyr: Hvaða svæði í borginni eru vöktuð með slíkum hætti? Óskað er eftir upplýsingum um staðsetningu eftirlitsmyndavéla. Hverjir hafa aðgang að myndefninu sem verður til vegna vöktunar? Í hvaða tilgangi hefur myndefnið verið notað? Hvernig kringumstæður þurfa að vera til staðar svo að myndefni sé skoðað og hvaða aðferðir er þá stuðst við þegar myndefni er skoðað og unnið er með það? Hvaða aðferðir eru leyfilegar í þessu samhengi? Hér er einungis verið að spyrja út í verklagsreglur vegna eftirlitsmyndavéla á almannafæri en ekki á vinnustöðum borgarinnar. Einnig er spurt út í gerð myndavéla, þ.e.a.s. hvernig myndavélar eru notaðar og frá hvaða framleiðanda? Einnig er óskað eftir fjölda eftirlitsmyndavéla sem eru á almannafæri í borginni.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 20. mars sl.

Svar:

Samkomulag Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar um uppsetningu öryggismyndavéla sem samþykkt var í borgarstjórn 21. mars 2023 nær eingöngu til miðborgarinnar. Ekki er sambærilegt samkomulag fyrir hendi um önnur hverfi borgarinnar. Hlutverk Reykjavíkurborgar samkvæmt samkomulaginu er að kaupa öryggismyndavélarnar til uppsetningar í miðborginni í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs, hvort sem um er að ræða nýjar myndavélar eða endurnýjun á eldri vélum. Hlutverk lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er að útvega og kosta búnað vegna móttöku á merkjum úr öryggismyndavélum, lögreglan hefur ein aðgang að gögnunum, annast vöktun á myndefninu og tekur ákvörðun um aðgang annarra neyðaraðila að myndefni að upptökum og í rauntíma. Lögreglan ákveður staðsetningu myndavélanna og gerð á hverjum stað í samráði við Reykjavíkurborg og Neyðarlínuna. Hlutverk ríkislögreglustjóra er að annast vörslu og eftir atvikum eyðingu og aðgang á upptökum úr löggæslumyndavélum samkvæmt gildandi reglum og fyrirmælum Persónuverndar. Hlutverk Neyðarlínunnar ohf. er að bera ábyrgð á og kostnað



af öllum samskiptum og samningum við eigendur fasteigna vegna uppsetninga á myndavélum á svæðinu sem samkomulag þetta tekur til og skulu samningar um slíka aðstöðu gerðir í nafni Neyðarlínunnar. Neyðarlínan annast og ber allan kostnað af uppsetningu og viðhaldi öryggismyndavéla innan samnings þessa. Ábyrgðaraðilar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt samkomulaginu, þ.e. lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóri, bera ábyrgð á því að skyldur þeirra sem kveðið er á um í lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við vinnsluna séu uppfylltar, þ.m.t. að framkvæmt sé mat á áhrifum á persónuvernd, sbr. 29. gr. laganna, ef við á.

Í samræmi við ofangreint er því rétt að beina frekari fyrirspurnum um staðsetningu, tegund, aðgang og fjölda öryggismyndavéla sem eru á almannafæri á höfuðborgarsvæðinu, til lögreglunnar.

Vélar hafa verið settar upp í öryggis- og eignavörslutilgangi á vegum Reykjavíkurborgar sem eru t.d. í bílahúsum, í þjónustuverum stjórnsýsluhúsa í Ráðhúsi og á Höfðatorgi og á skólalóðum. Virkar eftirlitsmyndavélar í Ráðhúsi Reykjavíkur eru 31. Um er að ræða eftirlitsmyndavélar sem taka upp og vista myndskleið en hvorki taka upp né vista hljóðupptökur. Upptökur eftirlitsmyndavéla eru aðgengilegar notendum í 24 klukkustundir en upptökur eru geymdar á vefþjóni UTR í 90 daga og eyðast sjálfkrafa að þeim tíma liðnum. Á 90 daga geymslutíma hafa fjórir sérfræðingar UTR aðgang að upptökum en ekki aðrir notendur. Staðsetningar eftirlitsmyndavéla í Ráðhúsi Reykjavíkur eru við innganga, almenn rými, flóttaleiðir og rými sem lokuð eru fyrir almenna umgengni. Engar eftirlitsmyndavélar eru virkar í starfstöðvum starfsfólks.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari